

Uxahryggjavegur milli Brautartungu og Kaldadalsvegur, Borgarbyggð og Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 26. febrúar 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um Uxahryggjaveg (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð um Uxahryggi milli Brautartungu og Kaldadalsvegur (550), skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna. Með erindinu fylgdi greinargerð.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Borgarbyggðar, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Uxahryggjavegur (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð um Uxahryggi milli Brautartungu og Kaldadalsvegur (550). Matsskyldufyrirspurn. Vegagerðin - Vestursvæði og Hönnunardeild. Febrúar 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð dags. 20. mars 2024,
- Borgarbyggð dags. 15. mars 2024,
- Fiskistofu dags. 15. mars 2024,
- Forsætisráðuneytinu dags. 3. mars 2024,
- Hafrannsóknastofnun dags. 25. mars 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 26. mars 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 21. mars 2024,
- Landsneti dags. 26. mars 2024,
- Minjastofnun Íslands dags. 20. mars 2024,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. mars 2024,
- Samgöngustofu dags. 27. mars 2024,
- Umhverfisstofnun dags. 5. apríl 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 22. maí 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð er ný- og endurbygging Uxahryggjavegar og Kaldadalsvegur á samtals 23 km löngum kafla í Lundaarreykjadal og á Uxahryggjum og verður vegurinn 6,5 m breiður með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hönnunarhraði verður ≥ 90 km/klst. Halli í vegköntum í fyllingum verður alla jafna ekki brattari en 1:3. Vegagerðin telur að um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar á 13.8 km kafla en nýlagning verði 9.2 km.



Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur milli Uppsveita Borgarfjarðar og Þingvalla, einkum að vetrarlagi. Stuðla eigi að því að mögulegt verði að halda Uxahryggjavegi opnum yfir vetrarmánuðina.

Efnisþörf

Efnistaka verður úr skeringum meðfram vegi og úr 13 námum á svæðinu, þar af er ein í Skorradalshreppi og Bláskógabyggð. Efnistaka úr námum verður allt að 342.110 m³ og 120.000 m³ úr skeringum, samtals 462.110 m³.

Frágangur

Núverandi vegur verður fjarlægður og svæðið aðlagð landinu í kring þar sem nýr og endurbyggður vegur víkur frá honum nema á hæsta hluta leiðarinnar um Uxahryggi. Þar mun núverandi vegur standa áfram og verða tengdur nýjum vegi. Núverandi vegi frá áningarstaðnum að Kaldadalsvegi verður ekki haldið við og mun falla til landeigenda.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vistgerðir, gróðurfar og fugla

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samtals verði skerðing á gróðri á allt að 23 km kafla. Mestu áhrif á gróðurfar verða þar sem nýr vegur víkur frá núverandi vegi um Uxahryggi. Vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargild verður raskað á allt að 17 ha. svæði. Fyrirhugaðar vegabætur munu raska votlendissvæðum, sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd vegna stærðar sinnar og eru mikilvæg til kolefnisbindingar. Vegna framkvæmdarinnar lenda um 8,3 ha af votlendi undir framkvæmdum en fyrirhugað er að endurheimta um 19 ha af votlendi í stað þess sem raskast. Mat á vægi áhrifa eru metin nokkuð neikvæð fyrir æðplöntur, talsvert neikvæð fyrir gróður og verulega neikvæð fyrir votlendi.

Fram kemur að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standi en að þau áhrif verði að mestu óveruleg þar sem núverandi vegi er fylgt og þar sem nýr vegur verður í grennd við hann. Á kaflanum um Uxahryggi þar sem vikið er frá núverandi vegi og nýr vegur liggur um votlendi verða áhrif nokkuð neikvæð vegna skerðingar búsvæða fugla. Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á fugla verður kannað með varp kjóa við námu 4 og varp fálka í grennd við námu 7-10 áður en framkvæmdir hefjast. Ef athugun leiðir í ljós að framkvæmdir geti spillt varpi verður miðað við að efnistaka úr námunum fari fram utan varptímans.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að umfjöllun um gróðurfar og fuglalíf sé ítarleg og vönduð og byggist á fullnægjandi upplýsingum. Stofnunin er sammála þeirri niðurstöðu um umhverfisáhrif sem sé kynnt í greinargerðinni varðandi þessa tvo umhverfisþætti. Ljóst sé að áhrif á votlendi verða sérstaklega neikvæð með umtalsverðri óafturkræfri röskun á lítt snortnu heiðavotlendi. Um sé að ræða votlendi sem sé stærra en 2 ha og falli því undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stefnt sé að endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem raskast og í raun stærra svæðis sem sé jákvætt en ekki komi fram hvar sú endurheimt verði. Að mati Náttúrufræðistofnunar sé framkvæmdin og umhverfisáhrif hennar þess eðlis að mat á umhverfisáhrifum væri æskilegt. Hins vegar hafi þegar farið fram greinargóð söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra fyrir ákveðna umhverfisþætti m.a. gróðurfar og fuglalíf.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að endurheimt votlendis sem hluta af mótvægisáðgerð, en bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvaða svæði í greinargerð muni verða fyrir valinu til endurheimtar.



Í umsögn forsætisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið leggi áherslu á að reynt verði eftir fremsta megni að koma í veg fyrir eða halda í algjöru lágmarki raski á votlendi og að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd nema brýna nauðsyn beri til.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin mun forðast að raska votlendi á Uxahryggjum eins og frekast er unnt. Við lokahönnun vegarins verður kannað hvort mögulegt er að hnika honum til, til að draga úr raski á votlendi. Vegagerðin stefnir á að hefja samráðsferli við landeigendur þegar nær dregur framkvæmdatíma og að endurheimt votlendis fari fram sem næst framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á lífríki Tunguár og vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að bökkum Tunguár verði mögulega raskað á 300 m löngum kafla við Reyki. Kaldagili verður raskað þar sem sett verða tvö ræsi í ána í stað einbreiðrar brúar. Eftir samráð við Hafrannsóknastofnun var tekin ákvörðun um að engar námur verði á áreyrum. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni því hafa óveruleg áhrif á lífríki Tunguár og Kaldagils og á vatnshlot svæðisins.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að miðað við forsendur fyrirbyggjandi gagna telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. veiðihagsmuna og hugsanlegra áhrifa á fiskstofna, ef efnistaka verður utan áhrifasvæðis Tunguár. Ef taka á efni úr eða við farveg Tunguár þannig að hætta verði á því að hún breyti farvegi sínum telur Fiskistofa nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum, þar sem m.a. verði metin hugsanleg áhrif á fiskstofna og veiðihagsmuni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að sérstaklega þurfi að gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla; koma þurfi í veg fyrir að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll og takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er auk þess að ganga frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki. Tryggja þarf við hönnun vandkvæðalausa fiskför bæði seiða og stærri fiska við Kaldagil þannig að seiði/stærri fiskur geti gengið hindrunarlaust upp ána. Ef farið verður að þeim ráðum sem að ofan er getið, telur Hafrannsóknastofnun að umræddar framkvæmdir hafi ekki umtalsverð áhrif á lífríki eða veiðinýtingu á vatnasvæði Grímsár.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti og því mikilvægt að meta framkvæmdina út frá þeim þáttum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin mun hafa samráð við Hafrannsóknastofnun, landeigendur, Veiðifélag Grímsár og Tunguár og Veiðifélagið Hreggnasa vegna framkvæmda í og við Tunguá og Kaldagil um tilhögun framkvæmda og framkvæmdatíma til að unnt sé að standa sem best að framkvæmdum og draga úr hættu á að lífríki ána verði raskað. Við frekari undirbúning framkvæmdarinnar og áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi mun Vegagerðin meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot og mun áhrifamat fylgja framkvæmdaleyfisumsókn.

Áhrif á landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landslagið í uppsveitum og inndölum Borgarfjarðar. Þar verður núverandi vegi fylgt, en hann breikkaður og hæðar og planlega hans löguð. Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verða á heiðum ofan Borgarfjarðardala. Á undirlendinu milli fjallsins Þverfells og Tunguár verður landslagi breytt með skeringum og fyllingum en núverandi vegur liggur um svæðið svo því hefur áður verið raskað með veglagningu, efnistöku og háspennulínum. Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru vistgerðir með mjög hátt verndargildi. Vegagerðin metur því að áhrif framkvæmdarinnar á landslag



á þeim kafla verði nokkuð neikvæð. Þar sem nýr vegur liggur norðan Uxahryggja verða fyllingar í votlendi og skeringar í melkolla. Þar verður landslagi breytt varanlega með lagningu vegarins á um 5 km löngum kafla. Vegagerðin metur að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag á þeim kafla vegarins vegna votlendis sem raskast en það er með mjög hátt verndargildi.

Fram kemur að efnistaka úr námum muni einnig breyta landslaginu. Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður nýr vegur hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Gengið verður þannig frá vegsvæði og námum að framkvæmdum loknum að vegur og námur falli vel að landi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að umfjöllun um landslagsáhrif mætti vera ítarlegri og byggjast á skýrari framsetningu á gögnum t.d. myndefni sem sýni ásýndarbreytingar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin taldi ekki nauðsynlegt að útbúa þrívíddarmyndir af vegi sem sýni ásýndarbreytingar við könnun á matsskyldu vegna óverulegra ásýndarbreytinga þar sem vegurinn fylgir núverandi vegi og efst á Uxahryggjum verður framkvæmdin lítt sýnileg frá útsýnisstöðum. Vegna athugasemda Náttúrufræðistofnunar Íslands var ráðist í að gera þrívíddarmyndir af þremur sjónarhornum af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Uxahryggjum sem sýna landslag fyrir og eftir framkvæmdir.

Áhrif á landnotkun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um því innan byggðarinnar verður núverandi vegi að mestu fylgt. Samráð verður við Rarik, Landsnet, viðkomandi veitur og Mílu um framkvæmdir sérstaklega þar sem hætta er á að lagnir eða jarðstrengir geti raskast en einnig þar sem framkvæmdir verða í grennd við háspennulínur.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að jarðmyndanir muni raskast við vegagerð og efnistöku úr námum. Engar af þeim jarðmyndunum sem verður raskað njóta verndar. Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hefur orðið á svæðinu, og þess að engum jarðmyndunum sem njóta verndar verður raskað, þá telur Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir við vegagerð og efnistöku verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að umfjöllun mætti vera betri um jarðminjar og hvar og hversu mikið rask verður á ólíkum gerðum jarðminja, jafnvel þótt engar þeirra falli undir sérstaka verndun.

Áhrif á menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að 74% minja sem skráðar voru innan áhrifasvæðis náma 1-13 og áætlaðs vegstæðis séu skilgreindar í stórhættu vegna vegagerðar. Þar sé um að ræða allar minjar sem standa innan eða fast í útjaðri áhrifasvæðis vegstæðis. Aðrar minjar teljast í hættu og þarfnast a.m.k. merkingar og vöktunar vegna nálægðar þeirra við veg.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrir liggji fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Uxahryggjavegar og um áhrif vegagerðar á fornleifarnar. Í umsögninni er bent á mótvægisáðgerðir sem Vegagerðin þarf að fara eftir.

Vegagerðin svarar því til að farið verði eftir þeim mótvægisáðgerðum sem Minjastofnun leggur fram í umsögn sinni. Tekið verður tillit til fornleifa við val á staðsetningu vinnubúða og annarra athafnasvæða sem tengjast framkvæmdinni, t.d. haugsetningarsvæða. Akstri vinnuvéla verður hagað þannig að fornleifum stafi ekki hætta af.



Áhrif á útivist og ferðaþjónustu og samgöngur

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast talsvert vegna umferðar þungra vinnuvéla. með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á vegfarendur m.a. vegna ryks og hávaða. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu vegna öruggari og betri samgangna.

Í umsögn Borgarbyggðar kemur fram að því sé fagnað að verið sé að undirbúa seinasta hluta af Uxahryggjavegi. Með góðum vegi um Uxahryggi opnast ný hringleið út frá höfuðborgarsvæðinu sem skapar fjölbreyttari tækifæri fyrir ferðaskipuleggjendur. Þá mun framkvæmdin stuðla að enn betri nýtingu áningarstaða sem hafa verið byggðir upp á svæðinu.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í ósamræmi við Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 vegna færslu Uxahryggjavegar og vegna náma 1, 5, 6, og 12, og einnig við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, vegna færslu Uxahryggjavegar og Kaldadalsvegur og vegna námu 13. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir námu 11 í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Bláskógabyggðar og Borgarbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í eða við veiðivatn skv. lögum um lax- og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands ef raska þarf fornminjum skv. lögum um menningarminjar.

6 Niðurstaða

Um er að ræða ný- og endurbyggingu Uxahryggjavegar og Kaldadalsvegur á samtals 23 km löngum kafla í Lundarreykjadal og á Uxahryggjum í sveitarfélögunum Borgarbyggð og Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, upprunalegs gróðurlendis, landslagsheilda og kjörlendis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Greinargerð Vegagerðarinnar er ítarleg þar sem ýmsir sérfræðiaðilar hafa rannsakað og lagt mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Vegagerðin leggur fram einn valkost veglínu Uxahryggjavegar nema á stuttum kafla suðvestan við Brunnavatns auk þess að kynna tvenns konar útfærslu vegamótanna við Kaldadalsveg. Umfjöllun Vegagerðarinnar sem og mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar er ítarlegri en kröfur sem gerðar eru til framkvæmda til ákvörðunar um matsskyldu. Skipulagsstofnun bendir hins vegar á að við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda þarf að horfa til þess hvort að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif með hliðsjón af viðmiðum í 2. viðauka laga um umhverfismat



framkvæmda og áætlana. Einnig þarf að horfa til þess sjónarmiðs við ákvörðun um matsskyldu að gefa almenningi og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri á að tjá sig um svo umfangsmiklar framkvæmdir í opnu matsferli og að þær hljóti viðunandi kynningu í leiðinni.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í mjög umfangsmikilli vegagerð þar sem gert er ráð fyrir ný- og endurbyggingu Uxahryggjavegar og Kaldadalsvegar á samtals 23 km löngum kafla í Lundarreykjadal og á Uxahryggjum. Vegagerðin telur að um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar á 13,8 km kafla en nýlagning verði 9,2 km. Þá verður einnig um umfangsmikla efnistöku að ræða á 13 efnistökusvæðum auk þess sem efni verður nýtt úr skeringum, samtals um 460.000 m³ af efni. Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd er mun meiri að umfangi en núverandi vegur sem er á löngum köflum mjór malarvegur. Í stað hans verður lagður upphækkaður vegur með klæðingu og umfangsmiklum skeringum allt að 70 m á breidd og allt að 55 m breiðum fyllingum og er hönnunarhraði vegarins 90 km/klst. Skipulagsstofnun bendir á að í leiðbeiningariti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (bls. 26) er vísað til dóms Evrópudómstólsins um það að framkvæmdir við breytingar á vegi, geti, út frá umfangi og hvernig staðið er að framkvæmdinni, jafngilt lagningu nýs vegar. Skipulagsstofnun telur að í tilviki Uxahryggjavegar eigi þessi sjónarmið við og því megi líta á fyrirhugaða veglagningu, þ.e þá sem felur í sér enduruppbyggingu, sem nýbyggingu vegar.

Framkvæmdin mun koma til með að raska allt að 8,3 ha. votlendi og er um að ræða votlendi sem er stærra en 2 ha og fellur því undir ákvæði laga um náttúruvernd um sérstaka vernd tiltekinnar vistkerfa og jarðminja. Um leið verður votlendisvistgerðum með mjög hátt verndargildi, auk vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi raskað á allt að 17,0 ha. svæði. Viðbúið er að áhrif á votlendi verða sérstaklega neikvæð með óafturkræfu raski á lítt snortnu heiðavotlendi. Vegagerðin stefnir á að endurheimta votlendi til móts við það sem skerðist sem næst framkvæmdasvæðinu, en ekki er ljóst hvar slík endurheimt fari fram þar sem ónýtt framræst svæði virðist ekki vera að finna í grennd við framkvæmdasvæðið. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á að skv. náttúruverndarlögum beri að forðast að raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar, en í athugasemdum með frumvarpi því er varð að náttúruverndarlögum kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ sé lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ljóst er að helstu áhrif á fugla verða á kaflanum um Uxahryggi þar sem vikið er frá núverandi vegi og nýr vegur liggur um votlendi. Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru fimm vatnshlot, þ.e. þrjú grunnvatnshlot og tvö straumsvatnshlot. Umrædd vatnshlot hafa ekki verið ástandsflokkuð, þ.e. vistfræðilegt og eðlisefnafræðilegt ástand þeirra er ekki þekkt og því þarf að gera áhrifamat, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar. Auk ofangreinds þarf að horfa til þess að fyrirhuguð framkvæmd er að stórum hluta á svæði sem hefur yfirbragð lítt snortins hálandissvæðis/svæðis að hluta innan marka miðhálandisins og ber lítil merki athafna mannsins.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Að mati Skipulagsstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd fela í sér breytingu á stóru svæði og kann að hafa umtalsverð áhrif á ýmsa umhverfisþætti. Framkvæmdin er líkleg til að hafa mikil og óafturkræf áhrif á þær vistgerðir sem fyrir eru á svæðinu, þ.m.t. vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og vistgerðir sem og þær fuglategundir sem nýta svæðið. Jafnframt kunna framkvæmdir að hafa áhrif á vatnshlot á svæðinu sem og lífríki Tunguár. Vegagerð og efnistaka mun eiga sér stað nærri Tunguá á löngum kafla og því viðbúið að lífríki svæðisins geti stafað af því hætta,



verði óhapp á framkvæmda- eða rekstartíma vegarins. Þá mun fyrirhuguð framkvæmd leiða til breytinga á landslagi á lítt snortnu svæði að hluta innan marka miðhálandisins.

Þrátt fyrir að fyrir liggi ítarlegri upplýsingar og mat á mögulegum áhrifum á hina ýmsu umhverfisþætti en gert er ráð fyrir í tilkynningarskylduferli telur Skipulagsstofnun að í ljósi eðlis og þá einkum umfangs sem og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar auk eiginleika hugsanlegra áhrifa þurfi að gera nánari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar og valkosta við hana, og útfæra nánar aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir áhrif á viðkvæmt svæði.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. ágúst 2024.

Reykjavík, 1. júlí 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

